

8. árgangur

1. tölublað
ORÐ FRÁ FORMANNI

marz 1971

Nýafstaðinn aðalfundur I.R.A. gefur tilefni, til umhugsunar um félagið okkar og framtíð þess. Á þennan fund mættu aðeins 17 félagsmenn, en samkvæmt félagaskrá fyrir árið 1970 eru félagsmenn um 140 og það er sá eintakafjöldi, sem hefur verið sendur út af þessu blaði að undanfögnu. Innheimta félagsgjalda hefur gengið mjög dræmt. Á aðalfundi heyrðust þær raddir, að félagsgjöld væru of há. Að sjálfsögðu eru mjög skiptar skoðanir á því máli, en fleiri eru þeir, að mínu áliti, sem telja þau hófleg.

Helztu útgjaldaliðirnir eru: Félagshheimilið, hiti, rafmagn og ræsting, kostnaður við útgáfu þessa blaðs, póstkostnaður og aðrir smærri liðir. Varla getur farið á milli mála, að eitt stærsta skrefið; sem stigið hefur verið í félagsmálum I.R.A. var þegar ráðist var í að leigja húsnæði undir félagstarfið. Aðsóknin að heimilinu á fimmtudagskvöldum bæði af leyfishöfum og öðrum sýnir það.

Fráfarandi formaður gat þess í skýrslu sinni á síðasta aðalfundi að svo virtist, sem félagið okkar væri að færast inn í lægð. Ef til vill er nokkuð til í þessu, en sé nokkuð eitt atriði í félagsstarfinu, sem getur dregið félagið upp úr þeirri lægð, þá er það félagshheimilið.

I.R.A. er að vísu ekki skyldufélag leyfishafa, en vonandi, sýna þeir og aðrir áhugamenn félaginu þá ræktarsemi, að framtíð félagshheimilisins verði tryggð.

Félaginu hefur borizt bréf frá póst og símamálastjórninni og er m.a. í því ný gjaldskrá fyrir "amatör-leyfi", er tók gildi þ. 1. nóvember 1970. Gjöldin eru nú eins og hér segir:

Leyfisbréf vegna "amatör-stöðva" ásamt upphafsskoðun	kr. 500.-
Gjald vegna árlegrar framlengingar "amatör-leyfis"	kr. 200.-
Gjald vegna aukaskoðunar "amatör-stöðva"	kr. 300.-

Framlengingargjöld ber að greiða fyrir 1. apríl hvers árs. Bréfi þessu fylgir listi yfir leyfishafa, er greitt hafa og þá er eiga ógreitt. Þá er það tekið fram, að þeir leyfishafar, er eiga ógreidd framlengingargjöld eigi það á hættu að missa kallmerki sín. Það eru vinsamleg tilmæli stjórnar I.R.A., að viðkomandi kippi þessu í liðinn hið fyrsta

TF3AW

CQ TF DE I. R. A. Útgefandi "Íslenzkir radíóamatörar"
Vesturgötu 68 R. Po box 1058 Reykjavík.
Ritstjóri og ábm. Sigurbjörn Þ. Bjarnason.

AÐALFUNDUR I. R. A. 1971

Aðalfundur IRA var haldin í Leifsbúð, Hótel Loftleiðum þann 31. jan. sl. Fundarstjóri var kjörinn Sveinn Guðmundsson TF3SG. Ekki var fundarsókn eins mikil og æskilegt hefði verið, aðeins voru mættir 18 manns. Fráfarandi formaður Garðar Gíslason TF3IC las skýrslu sína og gat um starfsemi IRA á sl. ári. Var hún samþykkt mótatkvæðalaust.

Marteinn Sverrisson TF3MA gjaldkeri félagsins las skýrslu sína um fjárhag félagsins og kom þar fram að útistandandi félagsgjöld voru á milli 40 - 50 þúsund krónur. Nokkrar umræður urðu um skýrslu gjaldkera og fjárhagsafkomu IRA. Kom fram tillaga frá TF3SG um frestun á atkvæðagreiðslu um skýrslu gjaldkera. Var samþykkt að framhalda aðal fundi í félagsheimilinu að Vesturgötu 68 þann 18. febrúar.

Var næst gengið til stjórnarkjörs samkvæmt félagslögum. Úr stjórn áttu að ganga TF3MA Marteinn Sverrisson og TF3JJ Jóhannes Jóhannessen, og í þeirra stað voru kosnir þeir TF3KD Kristinn Daníelsson og Sigurbjörn Bjarnason. TF3JJ verður áfram milligöngumaður IRA við Póst og Síma. Formaður næsta kjörtímabil var kosinn Ólafur Axelsson, TF3AW.

Ákveðið var að þriggja manna ritnefnd skuli sjá um útgáfu á blaði félagsins og skal ritstj. vera úr stjórninni. Í ritnefnd voru kosnir þeir TF3MA og Ívar Þorsteinsson. Á fundinum voru samþykktar nokkrar tillögur um breytingar á lögum félagsins. Verða lög félagsins fljótlega prentuð með þeim breytingum og dreift til félagsmanna.

Eftir að venjulegum fundarstörfum var lokið voru almennar umræður. Var mikið rætt um net fyrir innanlandsviðskipti og bar öllum saman um að brýn þörf væri á að koma slíku neti á fót. Einnig var rætt um sumarstarfið og þörf á orkugjafa fyrir útilegur. Framhaldsaðalfundur var svo haldinn þann 18. febrúar. Voru reikningar félagsins samþykktir þar með þeim breytingum er voru í þá átt að upphæð útistandandi félagsgjalda hafði lækkað mikið.

Stjórn IRA skipa nú þessir menn:

Ólafur Axelsson TF3AW ,formaður
Hallgrímur Steinarsson TF3HS, varaformaður,
Guðjón Einarsson, gjaldkeri,
Haraldur Þórðarsson, ritari,
Sigurbjörn Þór Bjarnason, ritstjóri,
Kristinn Daníelsson TF3KD, spjaldskrárr, og umsjónarm.,
Birgir Baldursson, TF3BB ,meðstjórnandi,

vy 73 Haraldur Þórðarson, ritari.

HUGLEIÐINGAR UM FÉLAGSSTARFIÐ O.FL.

Mikið hefur verið rætt um áhugaleysi amatöra í seinni tíð. Sennilega er þetta þó ekki nein ný bóla heldur aðeins það sem alltaf gerist aftur og aftur. Þegar einhver hefur loki prófi er hann fullur áhuga og reynir að vera sem mest í loftinu, en eftir því sem frá líður minnkar áhuginn oft smátt og smátt. Sem betur fer er þetta þó ekki algild regla, margar undantekningar eru til frá þessu. En nú hefur það gerzt upp á síðkastið þó nokkrir menn sem hafa lokið prófum hafa aldrei komið í loftið sumir ekki einu sinni hirt um að sækja leyfisbréfin. Og þá hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna þessir menn voru að leggja það á sig að taka þessi próf ef ekki á að nota það til neins.

Það hefur líka verið talað um þá nauðsyn að koma á fót neti sem kæmi saman t.d. einu sinni í viku, því að segja má að það heyri til undantekninga að heyra innlenda amatöra tala saman. Þetta var meðal annars nokkuð rætt á síðasta aðalfundi. Sennilega er ekki ýkja erfitt að koma þessháttar neti af stað, vandinn er aðeins að halda því gangandi. Seinast þegar þetta var reynt var netið starfandi á sunnudagsmorgnum, en ekki var það við líði í margar vikur. Ef til vill hefur þar verið því um að kenna hvað við Íslendingar erum mikið fyrir að sofa út á sunnudögum, mig minnir að skoðanakönnun útvarpsins hafi leitt í ljós að 80% þjóðarinnar sofi frameftir á sunnudagsmorgnum. En það er brýn nauðsyn að koma neti stofn því bæði er að fátt er eins áhugavekjandi fyrir þá sem nýir eru að geta heyrt innlenda amatöra tala saman, og eins hitt að gömlu amatörarnir sem e.t.v. hafa ekki verið árum saman í loftinu fengju áhuga á að koma ef þeir vissu að þeir gætu hitt kunningjana í loftinu á ákveðnum stað og tíma.

Nú þegar, nýliðaleyfið er orðin veruleiki væri athugandi, að hafa netið neðarlega á 80 m. þar sem annað nýliðabandið er, þannig að þeir gætu tekið þátt í starfinu með hinum. Það væri þeim mikil uppörvun og æfing. Ekki er þar með sagt að eingöngu ætti að vera á CW, en þó er sá galli á að reglugerðin leyfir ekki SSB útgeislun neðst á 80 m. Því væri vel athugandi að birta í CQ TF smíðalýsingu á einföldum QRP sendi fyrir CW og AM aðallega með þessa starfsemi í huga. Þeir sem eru að byrja eiga flestir í vandræðum með að ná sér í eitthvað til þess að hlusta á.

Framh. af bls. 3 Hugleiðingar um félagsstarf o.fl.

Engin verzlun hér á landi selur viðtæki fyrir amatöra, og lítið framboð er á gömlum tækjum. Þó eru þeir eflaust margir sem eiga í fórum sínum tæki sem þeir eru hættir að nota og vildu e.t.v. losa sig við. Auðvelt væri að koma þessum tækjum á framfæri með því að setja upp auglýsingu vestur í félagsheimili. Þar er einnig kominn upp kassi þar sem menn geta konið á framfæri tillögum eða kvörtunum við stjórn IRA. Innihald kassans yrði síðan athugað á stjórnarfundum, og er það von stjórnar IRA að félagsmenn notfæri sér þennan möguleika við að koma skoðunum sínum á framfæri .

Að lokum vil ég hvetja félagsmenn til að koma vestur í félagsheimili Vesturgötu 68, húsið er opið öll fimmtudagskvöld frá kl. 2030 GMT.

vy 73 Sigurbjörn Bjarnason ritstjóri.

-o- FRA RITSTJÓRA -o-

Þetta blað af CQ TF er töluvert seint á ferð, og eru félagsmenn beðnir velvirðingar á því. Ástæðan er sú, að fjölritari félagsins var orðin svo slitinn að ekki var hægt að prenta blaðið í honum.

Æskulýðsráð Reykjavíkur var svo vinsamlegt að lána okkur fjölritara un stundarsakir og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

IRA verður samt sem áður að eignast annan fjölritara, en slík tæki eru mjög dýr. Sjóðir félagsins eru aftur á móti eins og flestum er kunnugt heldur smáir. Mikil bót væri þó ef allir þeir sem enn skulda félagsgjöld fyrir síðustu ár,greiddu þau sem fyrst.

vy 73 S.B.ritstjóri

-o-o- SÍÐUSTU FRÉTTIR -o-o-

Til tals hefur komið að IRA taki að sér að prófa nýliða í morse og radíófræði. Nánari upplýsingar eru ekki enn fyrir hendi.

- -

QSL manager félagsins TF3BV Ívar Þórarinsson hefur látið af störfum. TF3YL Sigrún Gísladóttir hefur fallist á að taka starfið að sér.

- -

Gunnlaugur Briem Póst og Síamálastjóri varð sjötugur þann 30 marz sl. IRA óskar honum til hamingju og þakkar honum gott samstarf á liðnum árum. Gunnlaugur lætur nú af embætti Póst og Síamálastjóra og við starfi hans tekur Jón Skúlason.

Óskar IRA honum til hamingju með embætti, og væntir góðs samstarfs á komandi árum.

- -

Innheimta Árgjalda

Undafarin ár hefur I.R.A. átt í talsverðum erfiðleikum með að innheimta árgjöld frá félagsmönnum.

Hefur stjórn I.R.A. því ákveðið að reyna nýja aðferð þetta ár. Með þessu blaði fylgir póstávísunareyðublað útfyllt að öllu leyti og er hægt að greiða árgjaldið á hvaða pósthúsi sem er. Stjórn I.R.A. vantar þess að menn bregðist fljótt og vel við og greiði árgjaldið kr.500, svo fljótt sem auðið er.


Gjaldkeri I.R.A. sendir síðan út félagskírteini og gilda þau sem kvittun.

Athygli félagsmanna skal einnig vakin á því að mjög lítið er eftir af bílmerkjum þeim sem I.R.A. lét gera, og þar sem þau verða ekki prentuð aftur að sinni, er að verða síðasta tækifæri til að ná sér í merki.

Merkin fást hjá gjaldkera félagsins og kosta 100 krónur.

S. B.

-o-o-SÚMMER TIL MORSEÆFINGA -o-o-



Til morseæfinga er nauðsynlegt að hafa svokallaðan súmmer, þ.e. tæki sem gefur heyrnlegan tón í heyrnartólin þegar þrýst er á sendilykilinn. Hér fyrir ofan eru tvær teikningar af þessháttar tækjum. Þau eru bæði mjög einföld og ekki er þörf að nota endilega þá transistora sem upp er gefið á teikningunum, flestar tegundir transistora fyrir lágtíðni geta unnið í þessum rásum. Teikningin til hægri hefur þann kost umfram hina að ekki þarf neina utanaðkomandi sveiflurás (heyrnartólin í þessu tilf.) og að merkið frá því tæki er hægt að heyra á viðtæki þar sem tækið gefur frá sér mikinn fjölda af yfirsveiflum.

vy. 73 S. B.

. FRÉTTIR FRÁ AMSAT

NASA hefur samþykkt að Amsat OSCAR B gervitunglið fái að fljóta með út í geiminn, í einhverju geimskoti á þessu eða næsta ári.

Nýlega voru ákveðnar viðskiptatíðnir fyrir Amsat OSCAR B Ástralska endurvarpsgervitunglið.

up link: 145,800 145,850 145,900 145,950 MHz

down l: 432,200 432,250 432,300 432,350 MHz

Fjórar tíðnimótaðar rásir.

Einnig voru ákveðnar tíðnir fyrir DJ4ZC/DJ5KQ endurvarpsgervitungl

up link: 432,150 i MHz miðtíðni

down link: 145,950 MHz miðtíðni

50 kHz bandvídd, línuleg endurvörpun

Fyrir 2m / 10m endurvarpsgervitunglið voru ákveðnar eftirfarandi tíðnir.

up link: 145,950 MHz miðtíðni

down link: 29,500 MHz Miðtíðni

100 kHz bandvídd, línuleg endurvörpun.

"Tunglsljós" (Project Moonray)

"Project Moonray" er í því fólgið, að senda endurvarpsstöð til tunglsins með einhverri APPOLO tunglferðinni á næstu árum. Endurvarpsstöðin verður á 432 MHz (70 cm) bandinu og veitir öllum radióamatörum, sem sjá tunglið samtímis og hafa rig tækifæri til þess að hafa samband sin á milli. Einnig verður stöðin notuð, sem neyðarstöð fyrir tunglfarana, sem koma henni fyrir. Tækjabúnaðurinn sem sendur verður mun samanstanda af eftirtöldum einingum: mjög næmu lágsuðu viðtæki, átta rása "telemetry" (fjarmælingu), merkjaþýðara, klukku og laser viðtæki. Kjarnorkurafall verður notaður, sem orkugjafi en hann verður knúinn geislavirkur ísótóp með helmingunartíma 78 ár. Auk þess verður loftnet og hitastillir og öllu verður þessu komið fyrir í sívalningi, sem verður 15 cm í þvermál og 25 cm á lengd. "Up link" tíðni verður 439,9 MHz og "down link" 430,1 MHz með 10 kHz bandvídd. Hægt verður að nota hvaða útgeislun, sem er, en mælt er með að nota helst CW, þar næst FSK, MCW, AFSK, NBFM, SSB, AM,

Kallmerki "tunglsljóss" verður SS Sent á morsi á tíu mínúta fresti ásamt með fjarmælingu. Endurvarpsstöðin verður í gangi 24 klst á sólarhring, en á tíu mínúta fresti verða kallmerkið og fjarmælingin send til jarðar og tekur það eina mínútu. Radióamatörar sem ætla að nota "tunglsljós" verða að hafa tæki, sem uppfylla eftirfarandi kröfur; Loftnetið verður að hafa amk. 15 db mögnun og vera hreyfanlegt þannig að hægt sé að fylgja tunglinu eftir Krystalstýrt viðtæki (konverter) á 430,1 MHz, suðutala minni en 3 db. Sendirinn þarf að gefa 50 vött út í loftnet á 439,9 MHz á CW, en enn meira ef notuð er önnur útgeislun t. d. 100 vött á FSK og 1kw á "slow scan TV". Þeir, sem vilja vita meira um "tunglsljós" geta skrifað til NASTAR (Nassau College Amateur Satellite Tracking Astronomy and Radio) og fengið tæknilegar upplýsingar, utanáskriftin er:

NASTAR P.O. Box T
Syosset,
New York 11791
U.S.A.

Nokkrar greinar hafa birzt í CQ og 73 um "tunglsljós" og kannast því ýmsir við það , en ég vona að einhver TF stöð láti heyra í sér á 70 cm. bandinu þegar til kemur og nái UHF DX frá Íslandi!

73 de tf3ma.

Summary in English: The editorial on page one features some discussicns about the running of the club. The main problem facing the club nov is the difficulty in collecting the subscription charges, which some members think are too high Ikr. 500. (equiv. to £2.40). Some radio anateurs have even not paid their yearly due licence charges for the last year. The number of members was 140 last year, but this is likely to decrease drastically as those not paying the subscription for this year will be crossed out. On the second page the secretary of the club gives news from the annual general meeting. On page 3 and 4 the editor vrites some thoughts about the radio amateur activity in Iceland. The dublicator has given in for ever, and it seems impossible to repair. It is therefore necessary for the club to get a new one. On page 5 there is a diagram of an audio-oscillator for those who want to practise the morse code. Then there is some news from AMSAT on page 6 and also news from the project "Moonray".